



Reglur um úthlutun menningarstyrkja Fljótshéraðs

Hlutverk

1. gr.

Atvinnu- og menningarnefnd Fljótshéraðs auglýsir árlega styrki til menningarstarfs og úthlutar þeim samkvæmt reglum þessum og með hliðsjón af menningarstefnu sveitarfélagsins.

Framlag til úthlutunar er ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar Fljótshéraðs ár hvert.

Styrkúthlutanir

2. gr.

Fljótshérað veitir menningarstyrki til einstaklinga, hópa, félagsamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar liststarfsemi eða verkefni. Atvinnu- og menningarnefnd getur ákveðið sérstakar áherslur við styrkúthlutun hverju sinni og verða þær þá að koma fram í auglýsingu.

Styrkir eru einungis greiddir út á því ári sem þeir eru veittir og færast ekki á milli ára nema sérstaklega sé um það samið.

Verkefnastykir

3. gr.

Sótt skal um styrki til menningarverkefna á þar til gerðu eyðublaði þar sem m.a. eftirfarandi kemur fram:

- lýsing á verkefninu og gildi þess fyrir menningarlífið
- verk- og tímaáætlun um framkvæmd þess
- fjárhagsáætlun verkefnisins og fjármögnun þess
- upphæð sem sótt er um

Verkefnastykir skulu ár hvert auglýstir til umsóknar að hausti, fyrir 15. nóvember, með fjögurra vikna umsóknarfresti, til úthlutunar á næsta ári. Afgreiðsla Fljótshéraðs skal liggja fyrir fyrir 1. febrúar. Megnið af því fjármagni sem atvinnu- og menningarnefnd hefur til umráða er úthlutað við þetta tækifæri.

Í einstaka tilvikum getur sveitarfélagið gert langtíma samninga við einstaklinga, menningarstofnanir, félög og listahópa sem sannað hafa gildi sitt í menningarlífi á Fljótshéraði eða geta með skýrum hætti sýnt fram á gildi starfs síns.

Skyndistyrkir

4. gr.

Hægt er að sækja um styrki eftir að hefðbundinni árlegri afgreiðslu styrkja lýkur, sbr. greinar 3. Úthlutun þess fjár kemur aðeins til greina vegna tilfallandi verkefna eða viðburða sem ber brátt að og ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í aðdraganda almennrar styrkjaúthlutunar í upphafi árs. Styrkbeiðnir utan hefðbundins styrkjaferils eru afgreiddir svo fljótt sem auðið er og þá vegna verkefna á árinu sem ekki eru hafin.



Sótt skal um skyndistyrki á þar til gerðu eyðublaði þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram:

- lýsing á verkefninu og gildi þess fyrir menningarlífið
- verk- og tímaáætlun um framkvæmd þess
- fjárhagsáætlun verkefnisins og fjármögnun þess
- upphæð sem sótt er um

Mat á umsóknum

5. gr.

Við mat á umsóknum skal menningarstefna Fljótshéraðs höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlífið á Fljótshéraði og hvernig
- fjármunirnir nýtist í því samhengi.
- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur
- verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg
- vinnubrögð.
- Úthlutanir endurspegli breidd, nýmæli og framsækni og að endurnýjun eigi sér stað í hópi styrkþega.
- Hver markhópurinn er.

Atvinnu- og menningarnefnd áskilur sér rétt til að hafna umsóknum.

6. gr.

Umsækjendur um styrk verða að tengjast Fljótshéraði með búsetu, eða með því að viðburðurinn fari fram á Fljótshéraði eða feli í sér kynningu á menningarstarfsemi á Fljótshéraði.

Samkvæmt 21. grein Stjórnsýslulaga þarf ekki að rökstyðja ákvörðun um úthlutun styrkja á sviði lista og menningar.

Við auglýsingu á viðburði skal styrkþegi láta styrkveitingu Fljótshéraðs koma fram.

Samþykkt í atvinnu- og menningarnefnd 10. október 2019

Samþykkt í bæjarstjórn Fljótshéraðs 16. október 2019